

# Gunnar Gunnarsson

og Ennýall.

Mjer þótti dálitið sjerstaklega vænt um, þegar jeg så þess getið, að skáldinu Gunnari Gunnarssyni, hefði á Englandi verið sómi sýndur, sem enn frekar miðar til að greiða fyrir útbreiðslu bóka hans, bæði þar í landi og annarstaðar. Æn þetta „sjerstaklega“ stafar af því, að Gunnar hafði þá fyrir skemstu, í skemtilegri grein, sem heitir „En Borger i Universet“ (Berlingske Tidende 30. apríl s.l.) minst vingjarnlega á bækur mínar, og um Ennýal haft orðin „overmaade interessant“ (þ.e. framúrskaraði fróðlegur og skemtilegur). Er slíkur vitnisburður slíks snillings, vissulega ekki einskisverður, og miðar vel til að styðja þann skilning, að það er ekki af sítómrí eicingirni, sem jeg vil, að menn lesi bókina og eignist. Því að, Ennýall er bók, sem menn þurfa að lesta aftur og aftur, og þess vegna sjálfir að eiga. Vandleg flugun þess, sem í þeirri bók stendur, verður til að greiða mjög fyrir, á „ferðalagi“, sem vjer eignum öll fyrir höndum, og innan skamms, að heiti má, jafnvel þeir, sem nú eru hjer yngstir.

19. júní.  
Helgi Pjeturss

Mbl. 24 júní  
1930